# Kall / frávísun

## Attitute signal á ensku

K/F – reglan er notuð í þremur stöðum:

- Þegar makker spilar út mannspili
- Smátt út og blindur tekur slaginn hátt
- Þegar fyrst er hent í eyðu

# 1. Mannspil út

A

Blindur
♠ Á64

Vestur
♠ K Dxx

Austur
♠ G82

Heima
♠ 10xx

Vestur spilar út ♠K og sagnhafi dúkkar. Austur kallar ef hann á gosann, en vísar ella frá.

--------------

Þetta er algeng staða: Ás út gegn trompi og Dxx(x) í borði. Þá er aðeins kallað með tvíspil.

B

Norður
♠ Á64

Vestur
♠ K Dxx

Austur
♠ 852

Suður
♠ Gxx

C

Norður
♠ D85

Vestur
♠ Á KG107

Austur
♠ 962

Suður
♠ 43

D

Norður
♠ D85

Vestur
♠ Á KG107

Austur
♠ 92

Suður
♠ 643

# 2. Smátt út

**E**

Norður
♠ ÁK3

Vestur
♠ 10 986

Austur
♠ D52

Suður
♠ G74

Þegar makker spilar út smáu og blindur tekur með ás eða kóng er oft vit í því ða kalla með drottninguna – bæði í lit og grandi.

**F**

Norður
♠ ÁK3

Vestur
♠ 10 986

Austur
♠ G52

Suður
♠ D74

**G**

Blindur
♠ D7

Vestur
♠ K10652

Austur
♠ G83

Heima
♠ Á94

En hvað ef drottning á slaginn í borði?

Þá er bara kallað í GRANDI.

**H**

Norður
♠ D7

Vestur
♠ K10652

Austur
♠ 983

Suður
♠ ÁG4

# 3. Fyrsta afkast í eyðu

Vestur kemur út með ♦2 gegn 3G og sagnhafi tekur tíu Austurs með drottningu og fer í laufið – spilar ♣K og ♣D, sem Vestur dúkkar.

*(Í þessari stöðu er notuð TALNING, því blindur er hugsanlega innkomulaus til hliðar. Austur sýnir lengd í laufi með því að fylgja í röðinni 6-8. Lágt-hátt = jöfn tala.)*

Vestur fær þriðja slaginn á ♣Á og nú á Austur að henda af sér í eyðu í fyrsta sinn. Það afkast er alltaf merkingarbært.

Tvær reglur koma til greina. Önnur er sú að kalla eða vísa frá í þeim lit sem hent er.
Hin reglan er heldur nákvæmari og hljóðar svo:

ODDASPIL (3-5-7-9) eru köll í viðkomandi lit, en SLÉTTTÖLUSPIL (2-4-6-8-10) frávísanir í afkastslitnum og um leið ábending til hliðar: hátt fyrir hærri, lágt fyrir lægri, eins og venjulega.

Hér hendir Austur spaðasexu.

**Norður**
♠ D107
♥ 765
♦ 74
♣ G10954

**Vestur**
♠ 98
♥ K93
♦ G8632
♣ Á32

**Austur**
♠ 65432
♥ ÁD84
♦ 105
♣ 86

**Suður**
♠ ÁKG
♥ G103
♦ ÁKD9
♣ KD7

Suður spilar 3G

# Dæmi

Vestur hefur meldað hjarta og kemur út með ♥Á gegn 4♠. Austur ætti að kalla með ♥4 *af því hann vill endilega að makker taki á hjartakóng og spili þriðja hjartanu.*

Í svona stöðum er alls ekki sjálfgefið að "sýna alltaf tvílit". Það er raunar ástæða til að taka það fram að þetta er EKKI talningarstaða heldur kall/frávísun. Það fer eftir aðstæðum hvort þriðja hönd kallar eða vísar frá með tvílit.

| | Norður | |
|---|---|---|
| | ♠ G1073<br>♥ 62<br>♦ ÁDG10<br>♣ KG4 | |
| **Vestur**<br>♠ 82<br>♥ ÁKG1087<br>♦ 9653<br>♣ 5 | | **Austur**<br>♠ D5<br>♥ 94<br>♦ K74<br>♣ D108632 |
| | **Suður**<br>♠ ÁK964<br>♥ D53<br>♦ 82<br>♣ Á97 | |

Suður spilar 4♠

# Annað dæmi

Vestur leggur niður ♠Á og Austur *vísar frá með áttunni,* jafnvel gosa.

Þetta er einfaldlega frávísun í spaða og ekki með neinu “hliðarkallsívafi”.

Norður
♠ 974
♥ K1083
♦ K75
♣ D96

Vestur
♠ Á K103
♥ 72
♦ D84
♣ 8542

Austur
♠ G82
♥ 5
♦ G10963
♣ ÁG107

Suður
♠ D65
♥ ÁDG964
♦ Á2
♣ K3

Suður spilar 4♥

# Í lokin

**Reglan um K/F er því aðeins notuð að ...**

**... eitthvað sé að hafa í litnum.**

**Ef augljóst er frá báðum spilurum séð að K/F þjóni engum tilgangi þá víkur reglan, oftast nær fyrir HLIÐARKALLI.**